

Hverfisráð Hríseyjar

44. fundur

Þriðjudaginn 23.febrúar 2010 kl.16.30 var 44. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Kristinn Fr. Árnason, Guðrún Þorbjarnardóttir og Aðalsteinn Bergdal, Linda María boðaði forföll, aðrir nefndarmenn mættu ekki.

Einnig mættu á fundinn Ómar og Ingvar Ívarssynir

Dagskrá:

- Leiktæki v/grunnskóla**
Komið hefur upp hugmynd um að flytja leiktæki frá leikvellingum v/Miðbraut á Grunnskólalóð. Miðað við umferð og notkun á þessum leiktækjum undanfarið er ekki talið skynsamlegt að flytja þau, sérstaklega með tilliti til að börnum í nágrenninu hefur fjölgað verulega á s.l. ári
- Ný samþykkt fyrir Hverfisráð lögð fram til kynningar**
Athugasemdir komu fram vegna fækkunar nefndarmann úr 5 í 3
- Svar Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 15. febr. og bókun bæjarráðs frá 11.febr. vegna erindis Hverfisráðs um fækkun ferjuferða og hækkunar á afsláttarkortum.**
Svör lögð fram til kynningar,
- Skipulagsmál, drög að aðalskipulagi.**
Hér komu Ómar og Ingvar inn á fundinn og fóru þeir yfir drögin eins og þau liggja fyrir í dag
Farið var vel yfir það sem búið er og skýringartexti yfirfarinn.
Rætt um kynningarfund (íbúafund) sem á að halda hér í Hrísey eftir miðjan mars.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30

Kristinn Fr. Árnason
Aðalsteinn Bergdal
Guðrún Þorbjarnardóttir

Fundargerð rituð af Guðrínu Kristjánsdóttir

